

27.5.2009

Athugasemdir við nýju hvalalögin 112. mál

Góðan dag.

Undirritaður vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum við þskj. 141, frumvarp til laga um hvali.

Undirritaður fagnar því að frístundaveiðar á smáhvölum séu látnar afskiptalausar (4. gr.)

Undirritaður mótmælir þeirri kröfu að ávallt skuli vera í áhöfn a.m.k. einn aðili sem reynslu haf af veiðum á þeirri hvaltegund sem veiðar eru stundaðar á (7.gr.) Þessi krafa er óeðlileg og ósamgjörð. Líffærafræðilegur munur milli hvaltegunda er hverfandi og alls ekki flóknara að skulda stóran hval heldur en lítinn, hafi menn til þess réttu vopnin. Einnig má benda á það að andanefjur og háhyrningar geta orðið stærri en hrefnur en andanefjur og háhyrningar teljast til smáhvöla en hrefnur til stórhvöla. Undirrituðum væri samkvæmt því heimilt að skutla andanefju og háhyrning í frístundum en ekki hrefnu. Það sem helst greinir á milli þessara tegunda er það að hrefnan er hefðbundinn nytjahvalur en andanefja og háhyrningur ekki. Þá komum við líka að því sem hefur verið augljóst frá upphafi, að stjórnvöld ætla sér að halda nýlögum frá atvinnuhvalveiðum eins og sjá má á afar illa ígrunduðu ákvæði reglugerðar nr. 359/2009 um þriggja mánaða samfelldan skyttutíma, áður en menn mega gerast skyttur (fá leyfi) og því mjög mikilvægt að þetta mjög svo hæpna reglugerðarákvæði verði ekki fest í lög. Hnísa og höfrungur eiga alveg jafn mannúðlega meðferð skilið og stórhveli þ.e. að vera skuldu á sem öruggastan og mannúðlegastan hátt. Menn sem farið hafa með skotvopn og sturdað hverskonar veiðar eða umgengni við skepnur skilja það og virða.

Undirritaður fer því fram á að ákvæðið um vanan mann í áhöfn verði afmáð, enda kemur það að sjálfsérféttu ef menn ætla að stunda veiðarnar að þeir verða vanir, menn þurfa bara að fá að byrja. Einu sinni er allt fyrst.

Bæta mætti við greinina, til að friða gagnrýnendur, að þeir sem í fyrsta skiptið ætli að stunda atvinnuhvalveiðar skuli undirgangast námskeið í meðferð sprengiskutla og aflífunaraðferðum stórhvöla, eins og farið er fram á í reglugerð nú þegar.

Í athugasemdum við frumvarp þetta má lesa eftirfarandi: Hafa ber í huga að hvalveiðar hafa ekki verið stundaðar með frjálsum hætti hér við land eins og fiskveiðar.

Í fyrsta lagi hafa fiskveiðar, síður en svo, verið stundaðar með frjálsum hætti á undanförunum árunum. Sú laga- og reglugerðarfjöld sem um fiskveiðar gildir talar sínu máli.

Í öðru lagi voru skilyrði fyrir hvalveiðileyfum mun vægari heldur en nú er farið fram á.

Ekkert við veiðarnar hefur breyst á þann veg að ekki sé hægt að kenna það á námskeiðinu.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins má lesa eftirfarandi um 7. gr.: Ákvæðið í 2. málsl. þar sem er kveðið á um það ófrávíkjanlega skilyrði að ávallt skuli vera um borð í hverju veiðiskipi a.m.k. einn aðili sem reynslu hafi af veiðum á þeirri hvalategund sem veiðar eru stundaðar á miðar í raun að sama marki og ákvæði 1. málsl. 2. mgr., þ.e. að veiðar fari sem best fram.

Tilvitnun lýkur.

Seg um sem svo að vanur maður af hvalbát sem stundar langreyðarveiðar vilji fara á hrefnuveiðar, þá telst hann ekki vanur maður lengur af því að það er ekki verið að veiða

sönu tegund. Þar fyrir utan eru hinir svokölluðu vönu menn, teljandi á fingrum sér og því fyrirsjáanlegt að hvalveiðar leggjast af á Íslandi þegar þessir herra menn fara í land. Það er ekkert sem tryggir það að veiðar hjá vönum manni fari betur fram. Kröftum um vanan mann á því ekkert skylt við hagsmuni eða velferð veiðidýrsins heldur er einþöngu til þess fallin að halda örfáum einstaklingum í greininni og öllum öðrum frá kjö kótlunum.

Niðurstaðan er því sú að ef undirritaður hefur undirgengist námskeið í meðferð á skulbyssum og sprengiskutlum og aflífunaraðferðum á stórhvelum, hefur aðgang að bát og vopnum sem uppfylla skilyrðin, þá er ekkert sem mælir á móti því að undirritaður hefji atvinnuhvalveiðar.

Pálmi Jónsson  
kt: 200980-5149  
Sauðárkrókur